

SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Bryndís Kristjánsdóttir, mannauðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um uppsagnir, niðurlagningu starfa og andrúmsloft á þjónustu- og nýsköpunarsviði

Á fundi stafræns ráðs þann 13. mars 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 21. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um fjölda starfa sem hafa verið lögð niður á þjónustu- og nýsköpunarsviði að undanfögnu og hvort og þá hvernig aðstoð hinir brottreknu starfsmenn af sviðinu eru að fá. Einnig er óskað upplýsinga um hvernig er unnið með andrúmsloftið á sviðinu í kjölfar svo umfangsmikilla starfsmannabreytinga. Hefur einhverjum starfsmönnum á sviðinu verið sagt upp á meðan viðkomandi var í veikindaleyfi? Hefur trúnaðarmanni tölvunarfræðinga verið sagt upp?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 14. mars 2024.

Svar:

Síðastliðna mánuði voru breytingar á 23 stöðugildum hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði Reykjavíkurborgar. 12 var sagt upp störfum eða störf þeirra lögð niður og í 11 tilvikum þá voru samningar ekki endurnýjaðir eða ráðið í lausar stöður. Af þessum 23 var einn starfsmaður í veikindaleyfi og einn starfsmaður trúnaðarmaður. Við framkvæmdina var öllum lögum og reglum fylgt. Brottreknum starfsmönnum stóð til boða að fá tíma hjá sálfræðingi og samtal við mannauðsráðgjafa í samræmi við verklagsreglur.

Samkvæmt niðurstöðum nýjustu könnunar Sameykis um stofnun ársins mælist starfsandi innan þjónustu- og nýsköpunarsviðs 4,39 af 5,0 og hækkaði frá fyrri könnun. Sviðið nýtir einnig reglulegar innri kannanir, svokallaðar púlskannanir, til að meta andrúmsloft og árangur sviðsins.

Vinnustaðamenning þjónustu- og nýsköpunarsviðs einkennist af sálrænu öryggi og skapandi menningu og sviðið hefur laðað til sín mjög mikið af hæfu starfsfólki. Breytingar á störfum eða fjölda stöðugilda eru alltaf krefjandi en eru þó eðlilegur þáttur í hvers kyns rekstri enda er það þannig að launakostnaður er oftast lang stærsti einstaki útgjaldaliður stofnana. Stjórnendur sviðsins leggja mikla áherslu á að skapa og viðhalda góðu andrúmslofti bæði þegar breytingar ganga yfir sem og í daglegri starfsemi og fylgjast náið með áhrifum hvers kyns breytinga eða annars sem hefur áhrif á starfsanda og gæði vinnustaðarins.



Margir þættir hafa áhrif á andrúmsloft á vinnustað en einna flóknast hefur verið að bregðast við því að stjórnendur og starfsfólk sviðsins hefur undanfarin tvö kjörtímabil nánast stöðugt þurft að sitja undir ósanngjörnum og því miður oft órökstuddum og beinlínis röngum málflutningi fáeinna kjörinna fulltrúa og endurflutningi sumra fjölmiðla á þeirri orðræðu sem þeir viðhafa. Þó fulltrúarnir virðist telja að um pólitíska orðræðu sé að ræða þá beinist gagnrýnin oftast beint að starfsfólki og er nánast alltaf þess efnis að vinna þess skili litlum eða engum árangri og sé borginni jafnvel skaðleg, starfsfólk sviðsins taki oftast og jafnvel meðvitað rangar eða vafasamar ákvarðanir og leggi sig fram um að fara vísvitandi illa með þá fjármuni borgarinnar sem þeim er treyst til að ráðstafa. Starfsfólk sviðsins hefur ekki vettvang til að svara slíkum ásökunum af höndum kjörinna fulltrúa og því fer umtalsverður tími og vinna í mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir atgervisflótta starfsfólks og stjórnenda vegna þessa. Neikvæðar afleiðingar þessa og í raun það tjón sem orðræðan veldur starfseminni mælist mjög greinilega í öllum þeim viðhorfakönnunum sem nýttar eru til að meta andrúmsloft á sviðinu.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Bryndís Kristjánsdóttir,
mannauðsstjóri